

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. október 2025 í máli nr. 167/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili gerir kröfu um bætur vegna skemmda á sólarfilmu í glugga. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að súp í hennar eigu verði skilað eða að varnaraðila verði gert að greiða fyrir nýjan súp. Að lokum gerir sóknaraðili kröfu um að geta sótt bætur úr hendi varnaraðila ef í ljós kemur að frágangur við svalahurð hafi verið ófullnægjandi. Varnaraðili tekur fram að undirverktaki hans, [...], samþykki að greiða fyrir eina sólarfilmu að verðmæti 36.368 krónur auk virðisaukaskatts. Þá samþykki [...] að greiða bætur sem nemi tíu klukkustunda vinnu, miðað við tímagjaldið 9.400 krónur án virðisaukaskatts, auk þess að bæta verðmæti sóps í eigu sóknaraðila. Varnaraðili krefst þess að sóknaraðili undirriti yfirlýsingu þess efnis að hún aðhafist ekki frekar í málinu.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 28. nóvember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 12. desember 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila bárust 16. desember 2024 og athugasemdir varnaraðila þann 19. desember 2024.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, afrit af reikningi frá varnaraðila, afrit af reikningi frá fyrirtækinu [...], afrit af skriflegum samskiptum aðila, afrit af tilboðum varnaraðila í þrjú ólík verk, afrit af reikningi frá [...] og afrit af skriflegum samskiptum sóknaraðila við starfsmann [...].

Með bréfi, dags. 7. október 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að húsfélagið að [...], þar sem sóknaraðili á fasteign, óskaði eftir og greiddi fyrir þjónustu varnaraðila við gluggaskipti í stigagangi og tveimur öðrum íbúðum hússins, þar á meðal íbúð sóknaraðila. Að auki óskaði sóknaraðili persónulega eftir tilboði í múr- og frágangsvinnu í séreign sinni og greiddi fyrir þá vinnu 950.564 krónur til varnaraðila.

Sóknaraðili gerði athugasemdir við frágang verksins og fékk varnaraðili í kjölfarið undirverktakann [...] til að meta verkið og framkvæma lagfæringar á tilteknum atriðum. Sóknaraðili kveðst hafa tekið eftir skemmdum á sólarfilmum í gluggum í íbúð sinni þegar starfsmaður [...] vann að úrbótum og telur líklegt að

múrbrot hafi gert göt á filmurnar. Sóknaraðili vísar til þess að eigendur [...] hafi komið í byrjun júlí til að skoða verkið og þá rífið filmurnar enn meira upp. Af þeim sökum gerir sóknaraðili kröfu um bætur sem nema kostnaði við að skipta út sólarfilmum í gluggum sínum. Í kvörtun sinni bendir sóknaraðili jafnframt á að frágangur undirverktakans hafi verið ófullnægjandi, þar sem múrinn hafi hvorki verið styrktur né bundinn og því þegar farinn að brotna. Sóknaraðili telur að stór skurður hafi myndast í gluggakarmi við stofuglugga og gerir kröfu um bætur vegna viðgerðar á honum. Þá gerir hún kröfu um bætur vegna sóps sem hún telur að starfsmaður [...] hafi tekið. Að lokum krefst sóknaraðili þess að geta sótt bætur úr hendi varnaraðila ef í ljós kemur síðar að frágangur við svalahurð hafi verið ófullnægjandi. Í því sambandi vísar hún til þess að starfsmaður [...] hafi bent á að múrfrágangi við hurðina væri áfátt þar sem lokað hefði verið fyrir álkápu sem hindraði frárennsli.

Varnaraðili vísar til þess að aðstæður til múrvinnu hafi ekki verið góðar þegar verkið var unnið í febrúar og að sóknaraðili hafi ekki varið múrinn þrátt fyrir ráðleggingar um slíkt. Í júní 2024 fékk varnaraðili óháðan aðila til að meta verkið vegna athugasemda sóknaraðila. Sá aðili og fyrirtæki hans, [...], hafi tekið að sér úrbætur sem varnaraðili greiddi um 500.000 krónur fyrir. Varnaraðili taldi málinu þar með lokið. Í ágúst sama ár hafði sóknaraðili aftur samband og lýsti rifum í sólarfilmu og því að sópur væri horfinn. Varnaraðili bendir á að [...] hafni ábyrgð á þessum atriðum, en forsvarsmáður félagsins hafi lýst sig reiðubúinn til að ljúka málinu með því að greiða kostnað vegna einnar sólarfilmu í glugga sóknaraðila, að fjárhæð 36.368 krónur auk virðisaukaskatts. Þá hafi [...] einnig boðist til að greiða fyrir viðgerð á stofuglugga með 10 klukkustunda vinnu, miðað við tímakaup 9.400 krónur án virðisaukaskatts, þrátt fyrir að hafna sök. Loks segist [...] ekki kannast við umræddan sóp, en sé reiðubúið að greiða fyrir nýjan sambærilegan sóp. Varnaraðili gerir kröfu um að sóknaraðili skuldbindi sig til að aðhafast ekki frekar í málinu.

IV

Niðurstaða

Af gögnum máls verður ráðið að varnaraðili vann verk fyrir húsfélagið að [...]. Í kjölfarið óskaði sóknaraðili eftir þjónustu varnaraðila við tiltekna múr- og frágangsvinnu í séreign sinni í fjölbýlishúsinu að [...] og greiddi sjálf 950.564 krónur fyrir verkið. Að verki loknu gerði sóknaraðili athugasemdir við frágang þess og fékk varnaraðili í kjölfarið undirverktakann [...] til að meta verkið og framkvæma lagfæringar á tilteknum atriðum. Ágreiningur þessa máls lýtur að vinnu undirverktakans [...] og því tjóni sem sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir vegna hennar.

Sóknaraðili hefur byggt á því að skemmdir hafi orðið á nýlegum sólarfilmum í gluggum vegna múrbrotu sem losnuðu við vinnu [...] þá hafi við vinnu undirverktakans orðið tjón á gluggakarmi sem krefjist viðgerða. Sóknaraðili hefur jafnframt vísað til þess að sópur hafi horfið við framkvæmd verksins sem hún telji starfsmann [...] ábyrgan fyrir. Loks vísar sóknaraðili til þess í kvörtun til nefndarinnar að starfsmaður [...] hafi talið frágang við svalahurð hennar þess eðlis að það gæti valdið skemmdum á hurðinni síðar. Auk framangreinds hefur sóknaraðili tiltekið aðra þætti verksins sem hún telur ófullnægjandi en gerir ekki frekari kröfur vegna þeirra.

Kærunefndin bendir á að sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á galla á verki eða það tjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir. Hins vegar ber að líta til þess að varnaraðili hefur í andsvörum sínum og athugasemdum til nefndarinnar

ekki gert kröfu um höfnun á kröfum sóknaraðila. Sóknaraðili beinir kröfum sínum að varnaraðila, enda er samnings samband þeirra á milli í málinu og telst varnaraðili því réttur aðili að málinu samkvæmt lögum nr. 81/2019, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Varnaraðili ber ábyrgð gagnvart sóknaraðila á verkum undirverktaka síns og því tjóni sem rekja má til starfa hans, sbr. meginreglu um ábyrgð aðalverktaka á undirverktökum. Sóknaraðili getur samkvæmt framangreindu aðeins beint kröfum sínum að varnaraðila fyrir nefndinni í þessu máli, en ekki að undirverktakanum.

Í andsvörum og athugasemdum varnaraðila kemur fram að undirverktaki hans hafi lýst sig reiðubúinn til að ljúka málinu með þeim hætti að greitt verði fyrir eina sólarfilmu í glugga sóknaraðila að fjárhæð 45.096 krónur, auk vinnu við viðgerð á glugga að fjárhæð 116.560 krónur, sem jafngildir tíu klukkustunda vinnu með tímagjaldi 9.400 krónur að viðbættum virðisaukaskatti. Þá kemur fram að undirverktakinn samþykki jafnframt að endurgreiða verðmæti sóps sem sóknaraðili kveður hafa horfið við vinnuna. Undirverktakinn hefur í boðum sínum þó ítrekað að hann telji ekki um sök að ræða en bjóði fram sættir til að ljúka málinu í sátt. Í kjölfar fyrirspurnar nefndarinnar um hvort samkomulag hafi náðst milli aðila, upplýsti sóknaraðili að sólarfilman, sem undirverktaki hafi boðist til að endurgreiða, væri ekki fánleg í sama formi og áður og því þyrfti að skipta báðum filmum út. Sóknaraðili óskaði í því sambandi eftir greiðslu að fjárhæð 76.320 krónur að viðbættum virðisaukaskatti fyrir filmu í allan gluggann.

Að mati kæruneftdarinnar ber varnaraðili ábyrgð á þeim yfirlýsingum og skuldbindingum sem fram koma í andsvörum hans og athugasemdum fyrir kæruneftndinni. Verða þær því lagðar til grundvallar. Með vísan til alls framangreinds og þess að sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á fjárhæð þess tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir er ekki unnt að fallast á frekari bætur en þær sem undirverktaki varnaraðila, [...], hefur beinlínis boðið og varnaraðili vísað til. Verður því fallist á að varnaraðili greiði sóknaraðila bætur að fjárhæð 45.096 krónur vegna kaupa á nýrri sólarfilmu og 116.560 krónur vegna viðgerðar á glugga í íbúð sóknaraðila. Báðar fjárhæðir eru að meðtöldum virðisaukaskatti. Varnaraðili hefur vísað til þess að vera reiðubúinn að endurgreiða verðmæti sambærilegs sóps og þess sem sóknaraðili telur að hafi horfið en sóknaraðili hefur ekki lagt fram kvittun eða önnur gögn sem sýna fram á kostnað vegna nýs sóps. Af þeim sökum telur kæruneftndin ekki unnt að úrskurða um bætur vegna þessa og er þessari kröfu sóknaraðila því hafnað.

Sóknaraðili hefur, auk framangreinds, gert kröfu um að eiga þess kost að geta sótt bætur úr hendi varnaraðila ef síðar kemur í ljós að vinna við svalahurð hafi verið ófullnægjandi. Hún hefur í því sambandi vísað til fullyrðingar starfsmanns [...] þess efnis að frágangur við hurðina væri rangur og gæti komið í veg fyrir frárennsli, sem leitt gæti til skemmda. Kæruneftndin telur ekki unnt að taka afstöðu til kröfu sem byggir á tilgátu um atvik sem ekki hafa átt sér stað. Ekki hefur verið sýnt fram á að frágangur verksins sé ófullnægjandi né að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna þess. Hlutverk kæruneftndar er samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019 að leysa úr ágreiningi sem rís af sölu- eða þjónustusamningi en nefndin tekur ekki afstöðu til atvika sem kunna að koma upp síðar. Að þessu virtu verður kröfu sóknaraðila vísað frá. Nefndin bendir þó á að niðurstaðan kemur ekki í veg fyrir að sóknaraðili geti síðar gert kröfu á hendur varnaraðila komi í ljós galli sem leiði til tjóns.

Að lokum telur kærunefndin ekki heimild í lögum nr. 81/2019 til að fallast á kröfu varnaraðila um að fá undirritun sóknaraðila þess efnis að hún skuldbindi sig til að aðhafast ekki frekar í málinu.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, 161.656 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson